

<b>Fundarnúmer:</b>	576
<b>Dagsetning:</b>	08.12.2008
<b>Tími:</b>	10:00
<b>Staður:</b>	Fundarsalur Ráðhúss

576. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 8. desember 2008 kl. 10:00 í fundarsal Ráðhúss.

#### **Dagskrá:**

1. Viðræður við forstöðumann tæknideildar og verkstjóra áhaldahúss.
2. Beiðni um námsvist utan lögheimilissveitarfélags.
3. Bréf Hreins Halldórssonar og Guðrúnar Jóhannsdóttur.
4. Bréf Hreins Halldórssonar og Ágústs Sigurðssonar.
5. Ársreikningar; Strandbæjar ehf. 2006 & 2007, Grettistaks ses. 2007, Grettiseigna ehf. 2007, Grettisbóls ehf. 2007.
6. Tjaldsvæði í Kirkjuhvammi.
7. Álagning útsvars tekjuárið 2009.

#### **Afgreiðslur:**

1. Forstöðumaður tæknideildar og verkstjóri áhaldahúss eru mættir til viðræðna við byggðarráð. Rætt um tjón sem orðið hefur á sjóvörn við Hamarsrétt og ósk tæknideildar til Siglingastofnunar um endurbætur. Farið yfir stöðu framkvæmda við gámavöll og jarðvegsskipti í Ásbraut. Rætt um viðhald hitaveitu í Höfðabraut, uppsetningu gatnalýsingar við Hallartröð og fyrirhugaðan kynningarfund um breytingu á aðalskipulagi í landi Bessastaða.
2. Fram lögð beiðni um námsvist utan lögheimilissveitarfélags. Fyrir liggur samþykki lögheimilissveitarfélags viðkomandi nemenda sem nú stundar nám við Grunnskóla Húnaþings vestra. Byggðarráð samþykkir erindið vegna skólaársins 2008/2009.
3. Fram lagt bréf Hreins Halldórssonar og Guðrúnar Jóhannsdóttur þar sem þau skora á sveitarstjórn að beita sér fyrir merkingu eldri húsa í sveitarfélaginu og eyðijarða. Byggðarráð þakkar bréfiturum fyrir erindið og vísar því til skipulags- og umhverfisráðs.
4. Til kynningar lagt fram afrit af bréfi Hreins Halldórssonar og Ágúst Sigurðssonar til ferðamálafulltrúa þar sem þeir kynna hugmynd sína um varðveislu á mótorbátnum. Sif HU-39.
5. Til kynningar lagðir fram ársreikningar Strandbæjar ehf. 2006 og 2007, Grettistaks ses. 2007, Grettiseigna ehf. 2007 og Grettisbóls ehf. 2007.
6. Sveitarstjóri gerði grein fyrir því að Bland í poka ehf. hefur hafnað tilboði Húnaþings vestra í þjónustuhús á tjaldsvæði í Kirkjuhvammi. Bland í poka hyggst óska eftir leyfi til að flytja húsið af lóðinni. Opnuð voru eftirfarandi tilboð í smíði þjónustuhúss í Kirkjuhvammi: frá Tveimur smiðum ehf. kr. 8.500.000- og Reynd að smíða ehf. kr. 11.898.000- Byggðarráð samþykkir að ganga til samninga við Tvo smíði ehf. um byggingu þjónustuhúss í Kirkjuhvammi. Sveitarstjóra falið að auglýsa eftir aðila til að taka að sér rekstur tjaldsvæðisins.
7. Byggðarráð samþykkir að álagning útsvars tekjuárið 2009 verði óbreytt, 13,03%.  
Samþykkt að taka á dagskrá:
8. Byggðarráð felur sveitarstjóra að koma á framfæri við RARIK óánægju íbúa og rekstraraðila um að tilkynningar um að rafmagn verði tekið af hafi ekki borist á viðkomandi svæði
9. Samþykkt að sveitarstjórnarfundur verði haldinn 18. desember nk. kl. 15:00 þar sem fjárhagsáætlun ársins 2009 verður lögð fram til síðari umræðu.  
Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 11:00  
Elín R. Línadal(sign.), Skúli Þórðarson(sign.),

Guðný Helga Björnsdóttir(sign.), Heimir Ágústsson(sign.).  
Áheyrnarfulltrúi:  
Oddur Sigurðarson(sign.).